



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Íslands
kulturarvstyrelse

Efni: Varðveisla og vernd bátaarfs Íslendinga – fljótandi menningararfur

Fylgiskjal með stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á stöðu verndar skipa og báta sem eiga að gegna mikilvægu hlutverki í menningarsögu þjóðarinnar. Því miður hefur gríðarlegur fjöldi tréskipa og báta týnt tölunni hérlendis á síðustu áratugum og hefur fornminjasjóður á engan hátt þrátt fyrir skyldur sínar í málaflokknum getað sinnt ótal styrkbeiðnum gagnvart bátaarfinum vegna fjáskorts.

Ljóst er að viðhald, varðveisla og endurgerð báta og skipa ásamt handverki stendur orðið mjög illa og segja má að runnin sé upp ögurstund um þennan mikilvæga menningararf. Mikilvægt er því að stjórnvöld beiti sér hið fyrsta með viðunandi framlögum svo þjóðin glati ekki meiru en orðið er af okkar merkasta bátaarfi og um leið áþreifanlegri sögu útgerðar við landið.

Handverksþekkingin sem tengist smíði og viðhaldi skipa og báta, sér í lagi trébáta sem þjóðin byggði meira og minna allt sitt á í árhundruð, má ekki tapast en aðeins örfáir bátasmiðir eru eftir í landinu með sértæka þekkingu til að miðla handverkinu áfram. Þessi staða er því orðin með öllu óviðunandi og er brýnt að framtíðarstefna í verndun báta sé mótuð sem fyrst og jafnhliða gripið til hreinna björgunaraðgerða áður en það verður of seint. Um mitt þetta ár 2022 er staðan t.d. sú að fyrir liggja beiðnir um förgun á nokkrum mjög merkilegum stærri friðuðum trébátum sem segja má að séu síðustu eintök sinnar tegundar hver um sig sem eftir eru í landinu. Brýnt er að koma í veg fyrir menningarslys verði í þessum efnum.

Húsverndin í landinu hefur verið með allt öðrum brag þar sem miklum fjölda húsa hefur góðu heilli verið bjargað frá glötun, því miður er allt öðru farið um bátaverndina sem er þó á sama máta og húsinn mjög merkilegur byggingararfur og í mörgu falli alfarið íslenskt handverk.

Samhliða því að auka skilning fjárveitingarvaldsins þarf að efla tengsl við menntakerfið og búa til samvinnuvettvang þeirra handverksmanna sem enn kunna til verka. Einnig er gríðarlega mikilvægt að marka aðra stefnu en verið hefur og þá meira til hagnýtingar þessara gömlu merkilegu skipa og báta og endurgera þá með það í huga. Tréskip og bátar varðveitast best á floti – til notkunar, augnayndis og upplifunar.

Verði ekki gripið af festu inn í þennan málaflokk svo varðveita megi þennan gríðarlega mikilvæga menningararf til framtíðar mun óbreytt ástand leiða til að þjóðin mun einfaldlega glata þessum ómetanlega menningararfi sem er útilokað að hin íslenska fiskveiðipjóð geti sætt sig við.

Ísland sker sig því miður alveg úr þegar horft er til viðmiðunarþjóða, hinna Norðurlandanna hvað varðar varðveislu og hagnýtingu bátaarfsins. Þar er einmitt horft til hagnýtingar báta – og skipa sem t.d. Norðmenn og Færeyingar eru sérlega stoltir af og þar eru bátar hagnýttir og flokkaðir að stóru leyti sem fljótandi menningararfur, þar sem sýnt hefur verið fram á margvísleg tækifæri við nýtingu m.a. í ferðaþjónustu, sem skólaskip og fl.